



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 11/2012

Ákvörðun um sekt vegna tilboðs Eymundsson á bókum

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Pennans ehf., rekstraraðila Eymundsson, dags. 25. nóvember 2011, fór Neytendastofa fram á að fyrirtækið færði, eigi síðar en 29. nóvember 2011, sönnur á að bókinn *Sagan sem varð að segja* sem auglýst var á heimasíðu fyrirtækisins á tilboði kr. 5.799, fyrra verð kr. 6.499, hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði.

Vísað var til bréfa Neytendastofu, dags. 8. nóvember 2010, sem send höfðu verið til seljenda jólabóka. Í bréfinu til Eymundsson kom fram að í aðdraganda jóla væru mjög áberandi auglýsingar á nýutkomnum bókum og iðulega væru boðnir afslættir og tilboð á bókunum. Vakin var athygli á þeim lögum og reglum sem um það gilda, gefnar leiðbeiningar og hvatt til þess að farið væri að þeim. Vakin var athygli á ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þá kom fram í bréfinu að brot á framangreindum lögum og reglum gætu varðað sektum.

2.

Svar Eymundsson barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 30. nóvember 2011. Þar kemur fram að bókinn hafi komið í sölu 23. nóvember 2011 og selst á fullu verði þann dag í verslunum fyrirtækisins. Klukkan 11:40, þann 24. nóvember 2011, hafi verið útbúið tilboð sem sent var á allar verslanir sem og á vefinn. Þar með hafi fyrirtækið uppfyllt skilyrði fyrir uppsetningu á tilboði samkvæmt reglugerð. Til áréttinga varðandi framsetningu á tilboðum á nýjum bókum sem séu að kom í sölu þá styðjist fyrirtækið einnig við 5. gr. reglna 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segi „Þegar auglýst er kynningar- eða opnunartilboð skal afslátturinn vera raunverulegur þ.e. að eftir nánar tilgreindan tíma hækki verð vörunnar eða þjónustunnar. Gefa skal upp venjulegt verð ásamt kynningar- eða opunarverði“. Vinnureglan



sé að setja viðkomandi vöru aftur á það verð sem gefið sé upp sem upprunalegt, venjulegt eða fyrra verð.

Að mati Eymundsson uppfylli tilboð fyrirtækisins á bókum sem koma inn fyrir jólin 5. gr. reglna 366/2008. Það að uppsetning, framsetning eða heitið á tilboðinu hvort sem það heitir útsala, tilboð, kynningartilboð, kynningarverð þá beri þetta allt að sama brunni sem sé tilboð. Telur fyrirtækið einnig að 2. gr. reglna um tímallengd á tilboði megi vara í sex vikur.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Eymundsson, dags. 9. janúar 2012, óskaði stofnunin frekari upplýsinga í málinu. Þar kemur fram að óskað sé staðfestingar á upplýsingum um seld eintök á fyrra verði sem komið hafi fram í gögnum málsins. Þá óski stofnunin upplýsinga um þann fjölda eintaka af bókinni sem seldar voru á tilboði á tímabilinu 25. nóvember 2011 til og með 24. desember 2011.

4.

Svar Eymundsson barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 13. janúar 2012, ásamt samantekt á seldum eintökum af umræddri bók. Þar kemur fram fjöldi seldra eintaka á umræddri bók á tímabilinu 23. nóvember til 24. desember 2011. Tilboðsverð hafi verið sett á bókina þann 25. nóvember 2011 og hafi það gilt til 30. nóvember 2011. Bókin hafi ekki verið á tilboði 1.-7. desember 2011. Bókin hafi því farið tvisvar sinnum á tilboð fyrir jól. Tilboðið hafi alls staðar verið komið rétt inn í kassakerfi fyrir hádegi 25. nóvember 2011. Fyrstu eintök bókarinnar hafi hins vegar verið seld í verslunum fyrirtækisins á Skólavörðustíg og í Austurstræti þann 23. nóvember 2011 og hafi sala hennar hafist þá um kvöldið. Bókin hafi einnig verið seld í verslunum fyrirtækisins þann 24. nóvember 2011, á fullu verði. Þá hafi ákveðnir aðilar fengið afslátt af verði bókarinnar án þess að það sé sérstaklega merkt inn á sölufærslur.

Neytendastofa óskaði frekari skýringa símleiðis á samantektinni og barst stofnuninni tölvupóstur Eymundsson, dags. 27. janúar 2012, þar sem nánari skýringar Eymundsson á samantekt, dags. 13. janúar 2012 komu fram.

5.

Með bréfi Neytendastofu til Eymundsson, dags. 30. janúar 2012, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið.



II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á að Penninn hf., rekstraraðili Eymundsson, færi sönnur á að tilboðsvörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Svör Eymundsson bástust Neytendastofu með tölvubréfum, dags. 30. nóvember 2011 og 13. janúar 2012.

2.

Í bréfi Neytendastofu til Eymundsson var vísað til ákvæða 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og reglna nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 1. málsl. 11. gr. laganna er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. „



Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blektir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur.

Með heimild í 17. og 18. gr. laganna hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 3. gr. reglnanna segir:

„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.

Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

Ákvæðið er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að um raunverulega verðlækkun skuli vera að ræða. Skv. ákvæðinu verður seljandi að geta fært sönnur á að varan hafi raunverulega verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.

3.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008 skal fyrra verð útsöluvöru teljast það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom og í 2. mgr. 3. gr. er lögð afdráttarlaus skylda á seljendur að geta fært sönnur á að auglýst vara eða þjónusta hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Söluyfirlit það sem fylgdi gögnum málsins frá Eymundsson er nokkuð torskilið þar sem um mjög örar verðbreytingar er að ræða. Bókin var fyrst tekin til sölu, þann 23. nóvember 2011 og boðin á tilboði þann 25. sama mánaðar þar sem fyrra verð var tilgreint sem 6.499 kr. Á söluyfirliti má sjá að dagana 23. og 24. nóvember 2011, var bókin seld á tilgreindu fyrra verði. Neytendastofa telur hins vegar að við mat á því hvort um villandi upplýsingar sé að ræða verði einnig að líta til þess í hve langan tíma hún var boðin á fyrra verði áður en til lækkunar kom og þess verðs sem bókin var seld á eftir að tilboði lauk. Er þetta í samræmi við það sem fram kom í bréfi stofnunarinnar, dags. 8. nóvember 2010, til Eymundsson, sem og annarra söluaðila jólabóka þar sem sagði: *„Í reglunum er ekki fjallað um í hve langan tíma vara eða þjónusta skuli hafa verið til sölu á venjulegu verði áður en til lækkunar kemur og hefur Neytendastofa því metið í hverju tilviki fyrir sig hvort lækkunin teljist villandi. Við það mat er m.a. litið til þess í hve langan tíma varan er höfð á hinu lækkaða verði og hvort varan hafi verið á lækkuðu verði áður.“* Dagana 23. og 24. nóvember 2011, var bókin ekki eingöngu seld á 6.499 kr. heldur einnig á 6.174 kr., 5.987 kr., 5.756 kr. og 4.874 kr. Þá er af söluyfirlitinu ekki að sjá að fast verð bókarinnar eftir að tilboði lauk hafi verið 6.499 kr. Þrátt fyrir að hún hafi í einhverjum tilvikum verið seld á því verði.

Með vísan til ofangreinds verður ekki séð af söluyfirliti að bókin hafi myndað upprunalegt verð gagnvart neytendum sem afsláttur getur tekur mið af. Því var að mati stofnunarinnar ekki um að ræða raunverulegan afslátt.



Eins og málum er hér háttað telur Neytendastofa að Eymundsson hafi veitt neytendum rangar upplýsingar um verðhagræði bókarinnar *Sagan sem varð að segja* og viðhaft óréttmæta viðskiptahætti sem til þess eru fallnir að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Eymundsson hefur því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. málsl. 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008.

4.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna.

Að teknu tilliti til þess að Neytendastofa hefur með bréfi stofnunarinnar, dags. 8. nóvember 2011, sérstaklega leiðbeint Eymundsson um þær reglur sem gilda um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði vegna sölu á bókum fyrir jól, telur stofnunin óhjákvæmilegt að leggja stjórnvaldssekt á fyrirtækið. Með tilliti til umfangs brotsins og fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar vegna sambærilegra brota telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Pennann á Íslandi ehf., rekstraraðila Eymundsson, stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000- (fimmhundraðþúsundkrónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„Penninn á Íslandi ehf., rekstraraðili Eymundsson, Grensásvegi 11, Reykjavík, hefur með því að auglýsa tilboðsvörur með villandi hætti, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 1. másl. 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, samanber ákvæði 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Pennann á Íslandi ehf., að fjárhæð kr. 500.000- (fimmhundraðþúsundkrónur).“

Neytendastofa, 2. mars 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir